

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 69/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hlíðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/205/EB frá 1. mars 2004 um bráðabirgðaráðstafanir í viðskiptum innan Bandalagsins með sæði, egg og fósturvísa úr nautgripum, svínunum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt frá Tékklandi, Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, Möltu, Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á hvorki að gilda á Íslandi né í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 68. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/878/EB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„69. **32004 D 0205:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/205/EB frá 1. mars 2004 um bráðabirgðaráðstafanir í viðskiptum innan Bandalagsins með sæði, egg og fósturvísa úr nautgripum, svínunum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt frá Tékklandi, Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, Möltu, Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu (Stjtið. ESB L 65, 3.3.2004, bls. 23).“

*2. gr.*

Norskur texti ákvörðunar 2004/205/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 65, 3.3.2004, bls. 23.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.